

MOLAR



STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA

úr starfi SLF, Æfingastöðvarinnar og Reykjadal



„Skemmtilegast að sjá gleðiglampann í andlitum barnanna“

„Bros og hlátur geta gert kraftaverk“, segir Harpa Orlygsdóttir iðjubjálfi um námskeiðið Útivist og fjör sem börnum á aldrinum 8-11 ára með frávik í félagsfærni býðst að sækja á Æfingastöðinni. Dagskráin er fjölbreytt og minnir á hefðbundið sumarnámskeið með útivist og leikjum. „Við erum búin að fara í hellaskoðun í Heiðmörk, pílukast með vatnsblöðrum, vatnsbyssuleik, gæslumann kóngsins, sund, klifurturm í Gufunesbæ o.fl.“ segir Harpa. Fjörir iðjubjálfar sjá um námskeiðið en markmið þess er meðal annars að efla félagsfærni barnanna, tengsl, tjáningu, sjálfstraust og þor. Börnin eiga það sameiginlegt að þurfa hvatningu og þjálfun til að öðlast færni í samskiptum og leik við jafnaldra sína. Fyrst var boðið upp á námskeiðið árið 2006 en Harpa hefur sinnt því síðan 2008 og líkar vel. „Það er skemmtilegast að sjá gleðiglampann og bros í andlitum barnanna þegar við erum að gera eitthvað skemmtilegt. 24 börn sækja námskeiðið í sumar. Nánar má lesa um það á www.aefingastodin.is





Ómetanlegur stuðningur sem gefur lífinu í Reykjadal lit

Útileiksvæði Reykjadal fékk litríka yfirhalingu í byrjun sumars. Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ og Lionsklúbbur Mosfellsbæjar gáfu sumarbúðunum hjólastólarólu sem komið var upp auk þess sem svæðið í kring var hellulagt með fallvarnarhellum í öllum regnbogans litum. Hellurnar voru keyptar fyrir styrk sem Styrktarsjóður The Color Run by Alvogen færði Reykjadal. Meðlimir úr Lionsklúbbunum tveimur komu í heimsókn í Reykjadal á dögnum til þess að færa sumarbúðunum róluna formlega. Við erum afar þakklát fyrir þennan skemmtilega litagarð sem verður óspart nýttur í sumar. Stuðningur sem þessi er ómetanlegur og gefur lífinu í Reykjadal lit.



Fjórið er í hámarki í Reykjadal! Nánar á Facebook



REYKJADALUR

Molar úr starfi SLF, Æfingastöðvarinnar og Reykjadal 5. tbl 1. árg.
Hönnun, uppsetning og ábyrgðarmaður: Hrefna Rós Matthíasdóttir

æfingaStöðin



STYRKTARFÉLAG
LAMADRA OG FATLADRA